

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri. Nýtt deiliskipulag.

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti nýtt deiliskipulag Jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri, á fundi sínum 1. mars 2024.

Tillagan tekur til landnotkunarreits Þ1 á þéttbýlisuppdrætti Hvanneyrar og fyrirhugaðrar uppbyggingar. Norðvestast á Þ1 reitnum stendur þegar bútaeknihús og nú eru skilgreindar tvær nýjar lóðir innan skipulagssvæðis deiliskipulagsins. Önnur nýja lóðin er ætluð undir jarðræktarmiðstöð og hin undir gróðurhús. Samanlagt byggingarmagn lóðanna er 4.500 fm og nýtingarhlutfall 0,35.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 25. mars 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Ásgerður H. Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.